



Róttin - félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda  
Kristín I. Pálsdóttir  
Hrólfsskálavör 14  
170 Seltjarnarnesi

## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 20. nóvember 2013  
Tilv.: VEL13100281/12.10

### Efni: Menntun áfengis-og vímuvarnaráðgjafa.

Velferðarráðuneytið vísar til erindis Kristínar I. Pálsdóttur, fyrir hönd Róttarinnar, félags um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda, dags. 27. október 2013, varðandi menntun áfengis- og vímuvarnaráðgjafa.

Í erindinu kemur fram að á 139. löggjafarþingi 2010-2011 hafi velferðarráðherra lagt fram skýrslu um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum. Í sömu skýrslu kemur og fram að fræðsla um ofbeldi í nánnum samböndum sé hluti af námi hjúkrunarfræðinga og félagsráðgjafa, en aðrir heilbrigðisstarfsmenn fái ekki slíka menntun í grunnnámi, en koma þurfi slíku námi á. Þá er hvatt til þess að nám í framangreindum fræðum verði fært á háskólastig.

Í erindinu er óskað svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða skólastigi tilheyrir nám áfengis- og vímuvarnaráðgjafa, framhaldsskóla eða framhaldsfræðslu? Heyrir námið undir heilbrigðis- eða menntamálaráðuneyti eða er það á sameiginlegri ábyrgð ráðuneytanna?

*Svar:* Nám áfengis- og vímuvarnaráðgjafa er nám sem fer fram samkvæmt tillögu landlæknis í samráði við stofnanir sem veita menntun í áfengis- og vímuvarnaráðgjöf, fagråd landlæknis og aðra sem landlæknir metur hæfa um nauðsynlega menntun fyrir stéttina og hvernig henni skuli hagað.

Menntunin fer ekki fram á ákveðnu skólastigi heldur og fer hún fram á heilbrigðisstofnunum þar sem þverfaglegt teymi undir faglegru stjórn læknis í fullu starfi vinnur að áfengis- og vímuvarnaráðgjöf.

Námið heyrir undir velferðarráðuneytið í samvinnu við landlækni, fagråd landlæknis og stofnanir sem veita námið.

2. Er endurskoðun á námi ráðgjafa hafin?

*Svar:* Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuvefnavandann (SÁÁ) hafa verið með nám fyrir áfengis- og vímuvarnaráðgjafa til fjölda ára fyrir þá sem vinna hjá samtökunum og nú síðast skipulagt undir hatti SFR og styrkt af stéttarfélagi viðkomandi, en framkvæmdin áfram hjá SÁÁ. Þá hefur einnig verið unnt að stunda nám í áfengis- og vímuvarnaráðgjöf hjá Landspítala. Endurskoðun á námi áfengis- og vímuvarnaráðgjafa var eftir 2009 mikið til umræðu hjá fagráði landlæknis. Voru ýmsar leiðir ræddar hjá fagráðinu, svo sem að námið yrði á

framhaldsskólastigi og gæti verið hluti af einingum til stúdentsprófs og byggt upp á svipaðan hátt og sjúkraliðanám. Þá var rætt um að mikilvægt væri að einnig yrði boðið upp á nám á háskólastigi t.d. diplománám í áfengis- og vímuvarnaráðgjöf. Um gæti verið að ræða þverfaglegt nám fyrir heilbrigðisstéttir til að sérhæfa sig í áfengis- og vímuvarnaráðgjöf. Fyrirætlanir um að endurskoða námið hafa legið niðri, en vilji er til að setja slíka endurskoðun af stað og að námið komist í formlegt skólakerfi, en vinna við frekari útfærslu er ekki hafin.

3. Stendur til að fara að tilmælum úr áðurnefndri skýrslu velferðarráðherra um að fræðsla um ofbeldi verði hluti af námi ráðgjafa?

*Svar:* Velferðarráðuneytið hyggst vekja athygli á ofangreindum áherslum úr skýrslunni varðandi fræðslu um ofbeldi í náminu við Embætti landlæknis og fagráð.


4. Hvaða kröfur eru gerðar til kennara áfengis- og vímuvarnaráðgjafa?


*Svar:* Eins og fram kemur í reglugerð um menntun, réttindi og skyldur áfengis- og vímuvarnaráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi, nr.1106/2012 þurfa þeir sem sem sækja um starfsleyfi að hafa lokið námi á sviði áfengis- og vímuvarnaráðgjafar sem landlæknir metur gilt. Kennarar eru starfsmenn heilbrigðisstofnunar sem veitir framangreinda menntun og er þar um að ræða þverfaglegt teymi sem vinnur undir stjórn læknis. Þá er og kveðið á um að leiðsögn fari fram af þar til bærum heilbrigðisstarfsmanni í hópstarfi, í ráðgjöf, viðtölum og á samráðsfundum. Ekki kemur frekar fram hvaða kröfur eru gerðar til þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem koma að menntun áfengis- og vímuvarnaráðgjafa, en einungis þeir sem hafa fengið starfsleyfi innan löggiltrar starfsstéttar geta kallað sig heilbrigðisstarfsmenn.

5. Stendur til að koma á fót námi í áfengis- og fíkniráðgjöf á háskólastigi?

*Svar:* Engar ákvarðanir hafa verið teknar um á hvaða skólastigi námið yrði, en mennta- og menningarmálaráðuneytið fer með málefni framhaldsskóla og háskóla.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

  
Margrét Björnsdóttir

  
Guðrún W. Jensdóttir

Ljósrit: Embætti landlæknis